

Umsögn Dalabyggðar um umræðuskjal Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS) um alþjónustuskyldur varðandi aðgang að almenna fjarskiptanetinu barst PFS með eftirfarandi tölvuskeyti þann 16. apríl 2014:

From: Sveinn Pálsson
Sent: 16. apríl 2014 12:30
To: PFS PFS
Subject: 1404021 - Fjarskiptamál

Á fundi sveitarstjórnar Dalabyggðar 15. apríl sl. var eftirfarandi bókað eftir umræður um umræðuskjal P&F.

„Sveitarstjórn Dalabyggðar hvetur til þess að Póst- og fjarskiptastofnun hefjist þegar í stað handa við gerð áætlunar um ljósleiðaravæðingu landsins alls. Miðað við fyrirliggjandi gögn ætti að vera raunhæft að tengja þá 1.700 staði/lögheimili sem liggja utan svokallaðra markaðssvæða á 5 árum. Sveitarstjórn telur að þessir staðir ættu að njóta forgangs fram yfir þéttbýlli svæði sem líkur eru til að fjarskiptafyrirtæki tengi á markaðsforsendum á næstu árum. Sveitarstjórn telur eðlilegt að sett verði kostnaðarhámörk á alþjónustuhafa, notenda og jöfnunarsjóð og að ekki sé gert ráð fyrir aðkomu sveitarfélaga enda málaflokkurinn á forræði ríkisins.

Fyrir liggur að Rarik ohf. vinnur að því að koma dreifikerfi sínu í jörð og hvetur sveitarstjórn ríkisstofnanir og félög í ríkiseigu að taka höndum saman og leita hagkvæmra leiða til að koma fjarskipta- og rafmagnsmálum dreifbýlisins í gott horf svo sem með því að sameinast um lagningu jarðstrengja.“

Með kveðju,
Sveinn Pálsson
Sveitarstjóri Dalabyggðar
Miðbraut 11, 370 Búðardal.
sími: 430 4700
netfang: sveitarstjori@dalir.is
veffang: www.dalir.is